

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Fjárútlát og heimildir neyðarstjórnar

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, sem barst þann 12. ágúst sl., um fjárútlát og heimildir neyðarstjórnar. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hvað hefur miklu fjármagni verið úthlutað og ráðstafað í gegnum ákvarðanir neyðarstjórnar og í hvaða tilgangi tæmandi talið og hvaða heimildir lágu til grundvallar?“

Neyðarstjórn hefur ekki heimildir til að samþykkja fjárveitingar til verkefna né að úthluta eða ráðstafa fjármagni til einstakra verkefna vegna starfa sinna. Alla fjárveitingar fara í gegnum borgarráð og borgarstjórn sem fara með stjórn fjármála borgarinnar og er svo einnig varðandi þær ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli tillagna neyðarstjórnar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs